

## D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 10. október 2018 í máli nr. S-13/2018:

Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vesteinsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn:

Y

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

### I

Mál þetta, sem dómtekið var 14. september 2018 að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 22. febrúar 2018, á hendur „X, kennitala [...], [...], [...], og Y, kennitala [...], [...], [...], fyrir eftirgreind brot að kvöldi sunnudagsins 2. október 2016, á [...][...][...] að [...], [...]:

1. Gegn ákærða X fyrir nauðgun, með því að hafa látið A hafa við sig munnmök, stungið fingri inn í leggöng hennar og haft við hana samræði um leggöng en ákærði notfærði sér yfirburða stöðu sína og aðstöðumun gagnvart A sem er þroskahömluð og að hún var ein og mátti sín lítils gegn honum og meðákærðu Y í lokuðu herbergi, undir áhrifum lyfja og/eða vímuefna, lömuð af hræðslu og fjarri öðrum á ókunnugum stað.

2. Gegn ákærðu Y fyrir hlutdeild í nauðgun samkvæmt 1. ákærulið, með því að hafa veitt meðákærða X liðsinni í verki með því að gefa A óþekkta töflu og láta hana reykja kannabisefni sem A kveðst hafa orðið mjög sljónuguð eftir, legið við hlið meðákærða og A og horft á og fróað sér á meðan meðákærði braut gegn A.

Telst brot samkvæmt 1. ákærulið varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2007, en brot samkvæmt 2. ákærulið telst varða við sömu ákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkröfur:*

Af hálfu A, kt. [...] eru gerðar eftirfarandi kröfur:

1. Á hendur ákærða X er gerð krafa um að hann greiði henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verð tryggingu nr. 38/2001 frá 3. október 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun vegna réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun.
2. Á hendur ákærðu Y er gerð krafa um að hún greiði henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verð tryggingu nr. 38/2001 frá 3. október 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr.

38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða þóknun vegna réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun.“

## II

Ákærðu mættu bæði við þingfestingu málsins, 28. mars 2018, neituðu sök og höfnuðu bótakröfu. Í því sama þinghaldi var að beiðni héraðssaksóknara dómkvaddur matsmaður til þess að leggja mat á þroska brotþola, og hvort brotþoli ætti erfitt með að lesa í félagslegar aðstæður og setja mörk varðandi óviðeigandi samskipti. Var D sálfræðingur dómkvaddur til þess verkefnis og skyldi hann skila mati sínu eigi síðar en þann 15. maí 2018. Þá var mál nr. S-10/2018, sem var höfðað á hendur ákærða X, með ákæru útgefni 21. febrúar 2018, sameinað þessu máli, sbr. heimild í 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærði X lést þann [...]. Mál ákæruvaldsins á hendur honum var því fellt niður samkvæmt heimild a-liðar 1. mgr. 170 gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

## III

Ákæruvaldið gerir þær kröfur sem í ákæru greinir á hendur ákærðu Y.

Af hálfu brotþola eru gerðar sömu kröfur og í greinargerð gagnvart ákærðu auk þess sem brotþoli áskildi sér rétt til að hafa uppi bótakröfu gegn dánarbúi ákærða X.

Ákærða neitar sök. Ákærða krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og að bótarkröfu verði vísað frá dómi. Til vara gerir ákærða kröfu um vægustu refsingu er lög leyfa auk lækkunar bótakröfu. Þá gerir ákærða kröfu um að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

## IV

Mál þetta á upphaf sitt í bréfi barnaverndarnefndar [...] 21. desember 2016, beiðni um rannsókn á meintu kynferðislegu ofbeldi gagnvart brotþola, A. Samkvæmt því sem þar greinir kom brotþoli ásamt móður sinni í viðtal fyrr þann sama dag eftir að móðir brotþola hafði frétt frá þriðja aðila að brotþola hefði verið „nauðgað“. Í bréfinu er greint frá frásögn brotþola af því að ákærði X heitinn hefði haft samband við sig gegnum samskiptaforritin Snapchat og Messenger í september 2016. Brotþoli hefði ekki þekkt manninn og ekki hitt hann áður, en þekkti hins vegar [...], Y, frá því [...]fyrir einhverjum árum. Í bréfinu er nánar greint frá lýsingum brotþola á atvikum þann 2. október 2016, sem þróuðust þannig að brotþoli var sótt til [...] og henni ekið [...] að [...]. Þar hefðu ákærðu tekið á móti henni, látið hana reykja gras og gefið henni pillu. Brotþoli hefði ekki getað neitað, verið hrædd og óttast hvað myndi gerast ef hún afþakkaði. Í framhaldi af því hefði ákærði X heitinn sagt brotþola að afklæðast og átt við hana mök. Eftir það hafi brotþoli viljað fara heim. Ákærði X heitinn hafi ekki viljað það en ákærða Y útvegað brotþola far til síns heima. Þá segir og að brotþoli hafi sagt að hún hefði ekki greint frá þessu af ótta við að móðir hennar yrði reið og einnig að brotþoli hafi verið hrædd við X heitinn.

Í bréfinu er frá því greint að móðir brotþola hafi sagt að ákærða Y hefði tekið myndir af því sem átti sér stað milli brotþola og X heitins og sýnt þær konu að nafni E, og sú kona hefði síðar upplýst móður brotþola um þessi atvik.

Loks er á það bent í bréfi barnaverndarnefndar að brotþoli sé þroskahömluð og eigi erfitt með að átta sig á því hvenær verið sé að blekkja hana

og tæla. Skilningur hennar á því sem sagt sé við hana sé mjög slakur og því geti hún fundið sig í aðstæðum sem hún ráði ekki við og geti þá ekki spornað við fótum, sett mörk eða farið úr aðstæðum.

Skýrslur voru teknar af brotþola og móður hennar vegna málsins 22. desember 2016. Í framhaldi af því voru teknar skýrslur af F og G, sem báðir könnuðust við að hafa ekið með brotþola að kvöldi 2. október 2016. Sömu leiðis voru teknar skýrslur af D, H, I og J.

Ákærðu voru handtekin [...] [...] [...] 23. desember 2016 og teknar af þeim skýrslur.

Meðal gagna málsins eru skýrslur Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins [...] er varða brotþola. Þar kemur fram [...]. Samkvæmt nefndum gögnum var brotþoli [...]. Þá glími brotþoli við [...]. Hefur brotþoli vegna þessa [...].

Þá liggja fyrir ýmis rannsóknargögn er varða síma- og samskiptamiðlanotkun ákærðu og brotþola.

Við rannsókn málsins var óskað eftir mati sálfræðings á andlegri líðan brotþola og ástandi eftir hið meinta kynferðisbrot. Var K sálfræðingur fenginn til þess að vinna það mat. Liggur skýrsla hans þar að lútandi fyrir í málinu. Að beiðni héraðssaksóknara var dómkvaddur D sálfræðingur til þess að leggja mat á þroska brotþola og hvort hún ætti erfitt með að lesa í félagslegar aðstæður og setja mörk varðandi óviðeigandi samskipti. Liggur skýrsla hans fyrir í málinu.

## V

Sem fyrr segir lést ákærði X eftir að mál þetta var þingfest en áður en aðalmeðferð málsins fór fram, og var mál ákærvaldsins á hendur honum fellt niður. Skýrsla sem tekin var af X hjá lögreglu var spiluð, í hljóði og mynd, við aðalmeðferð málsins. Þar neitaði hann sök. Í skýrslu sinni hjá lögreglu kannaðist X heitinn við að hafa verið að „reyna við“ brotþola, sem hefði [...] og ákærðu Y. Kvað hann engan hafa þá verið [...] [...] nema hann og ákærðu Y. Þá kannaðist hann við að hafa boðið brotþola í heimsókn og kvað [...] [...] hafa gert það í sameiningu. Hins vegar neitaði X heitinn að hafa átt kynmök við brotþola og að hafa gefið henni pillur eða gras.

Ákærða neitar sök. Fyrir dómi kvaðst ákærða þekkja brotþola. Þær hefðu unnið saman á [...] og brotþoli hefði [...] [...] [...].

Um atvik þann 2. október 2016 sagðist ákærðu svo frá að þetta hefði verið afmælishelgin sín. X hefði sagt sér að brotþoli væri að koma og hún ætti að láta „gaurinn“ sem skutlaði henni hafa pening. Kvaðst hún ekki hafa vitað fyrirfram hvað stæði til. Brotþoli hefði komið um níuleytið og farið inn í herbergi til X að spjalla. Sjálf hefði hún sest inn í stofu og spjallað við gesti sína, L og M, í dágóða stund, en síðar farið inn til brotþola og X sem þá hefðu legið uppi í rúmi í fötunum sínum. Hún kvaðst hafa spurt brotþola hvort hún vildi totta X og þær hefðu báðar gert það til skiptis. Ákærða kvaðst hafa spurt brotþola hvort hún mætti snerta hana en brotþoli neitað því. X hefði viljað fá að sofa hjá brotþola sem hefði sagt já við því. Kvaðst ákærða þá hafa orðið mjög afbrýðisöm. X og brotþoli hefðu haft kynmök í einhverjar mínútur og ákærða orðið mjög pirruð og snúið sér undan en X hefði ekki skilið neitt í því. Hún hefði þá ekki sagst geta þetta og viljað hætta þessu. Þau hefðu þá klætt sig. Ákærða kvaðst hafa útskýrt fyrir brotþola að þetta hefði ekkert með hana að gera og útvegað brotþola leigubíl heim. Brotþoli hafði sagt þetta allt í lagi en mamma hennar mætti ekki vita af þessu. Ákærða kvaðst ekki hafa áttað sig á því hvers vegna það væri fyrr en í skýrslutöku í desember, því að hún hefði talið að brotþoli væri orðin 18 ára eða alveg að verða það. Nokkrum

dögum eftir þessi atvik hefði brotapolí sent sér og X Snapchat um að redda sér bjór og grasi, en ákærða kvaðst hafa svarað brotapolá því til að hún væri enn í [...].

Um aðstæður [...] [...] [...] [...] að öðru leyti umrætt kvöld sagði ákærða að þrennt hefði verið gestkomandi frammi í stofu meðan því fór fram sem að framan var lýst. Þá kvað ákærða kvikmynd hafa verið í sjónvarpi í svefnherberginu, einhverja kvikmynd, ekki klámmynd. Klám hefði verið sett á seinna.

Ákærða neitaði að hafa gefið brotapolá nokkuð og kvaðst ekki hafa séð hana taka pillu. Aðspurð um neyslu sína kvaðst ákærða hafa fengið sér extacy og drukkið um helgina, „ekkert frábært ástand“ hefði verið á sér. Svipað ástand hefði verið á X, hann hefði neytt áfengis og tekið kvíðalyf. Hún staðfesti að [...] [...] og hún sjálf hefðu átt svefnlyfið Seroquel, en neitaði að hafa gefið brotapolá það lyf.

Aðspurð um kynni X heitins og brotapolá taldi ákærða X hafa hitt brotapolá í [...] í [...], þegar hann hefði komið með sér. Það hafi verið þeirra eina tenging sem hún vissi um.

Ákærða neitaði alfarið að hafa vitað um þroskahömlun brotapolá enda hefði hún ekki [...] [...] [...] [...] [...] ef svo hefði verið. Hún kannaðist þó við að hafa heyrt að brotapolá væri „eftirá“, en hefði ekki tekið mark á slíku, enda sjálf oft verið milli tannanna á fólki.

Ákærða neitaði að hafa beitt brotapolá ofbeldi eða þvingun til þátttöku í kynlífi með sér og X og sömuleiðis að hafa tekið myndir af því. Ákærða kvaðst hafa sýnt E myndir af sér og X eftir að vitnið hafði sagt að sig langaði í „threesome“. Þá hefði ákærða einnig sagt vitninu að X væri ekki sáttur við að ákærða væri í „threesome“ með öðrum og að þau hefðu reynt að fara í „threesome“, með brotapolá, en það hefði verið fíranlegt.

Ákærða var tvísaga um tildrög þess að brotapolá kom [...] [...] [...] [...] í umrætt sinn, en viðurkenndi þó hjá lögreglu að hafa boðið brotapolá í heimsókn, ásamt fleirum „til að hafa gaman“, en gat þó ekki nafngreint aðra gesti er skýrsla var tekin hjá lögreglu. Ákærða neitaði alfarið að tjá sig um sakarefni á hendur X í þeirri skýrslutöku eða þátttöku sína í meintum kynlífsathöfnum við brotapolá.

Brotapolá A greindi frá því fyrir dómi að hún hefði þekkt ákærðu þar sem hún hefði [...] [...] [...] fyrir nokkrum árum, en ekki þekkt X beinlínis. Þá hefði hún unnið með ákærðu [...] [...] og mundi eftir að hafa hitt X heitinn í [...].

Hún kvað X hafa haft samband við sig gegnum Snapchat, og sagst ætla að koma og sækja hana. Hún hefði svo verið sótt af einhverjum, sem hún vissi ekki hver var, og ekið heim til ákærðu og X. Hún hefði ekkert vitað hvað var í gangi. Þegar á staðinn var komið hefðu þau gefið sér einhverja pillu og eitthvað að drekka og allt í einu hefði hún verið komin í „miðjuna á milli þeirra“ og þá hefði þetta gerst. Aðspurð kvaðst brotapolá ekki hafa komið áður í þetta hús. Brotapolá kvað enga aðra en þau þrjú hafa verið á staðnum þegar hún kom, en eftir á hefði hún séð einhverja, sem hún taldi leigja með ákærðu.

Nánar aðspurð um atvik 2. október 2016 lýsti brotapolá því þannig að hún hefði bankað og ákærða komið til dyra, hálfnakin, í skyrtu. Hún hefði gengið á eftir ákærðu inn í herbergi og þar hefði X verið. Ákærða hefði gefið sér pillu, kringlóttá sem á stóð e. Hún hefði reynt að hafna þessu, gert sitt besta. Eftir það hefði hana farið að svima og allt í einu hafi hún verið komin úr fötunum. X hefði svo átt við sig kynmök en ákærða notað titrara á sjálfa sig. Eftir þetta hefði hún klætt sig og þá hefði henni verið rétt gras, sem þau hefðu verið að reykja.

Brotapolá kvaðst muna eftir því að hafa verið beðin um að totta X og taldi að hann hefði sjálfur beðið um það. Hennar viðbrögð við því hefðu verið að gera það. Brotapolá kvaðst fyrir dómi ekki hafa vitað hvað stæði til, en verið til í að fara

til þeirra og vita hvað þau vildu sér. Hún kvað ákærðu hafa verið ósátta við X þar sem hann hefði frekar vilja ríða sér en ákærðu. Ákærða hefði þá orðið ósatt og ekki talað við sig. Aðspurð um ástandið á þeim ákærðu og X heitnum þegar hún kom kvaðst brotaþoli ekki vita hvað hún ætti að segja, en hefði fundist eins og þau hefðu verið að drekka áfengi, það mætti sjá á augunum á fólki, en ekki fundið neina áfengislykt. Sjálf kvaðst hún ekki hafa neytt áfengis áður en hún kom á staðinn. Aðspurð hvort hún hefði reynt að stoppa ákærða í athöfnum sínum, kvaðst brotaþoli hafa reynt það en ekki þorað að segja neitt, hún hefði verið kjafstopp. Brotaþoli kvaðst hafa verið hrædd og farið í „panikk“ eftir að smokkur rifnaði. Að öðru leyti kvaðst brotaþoli ekki muna vel hvað fram fór. Hún kvaðst hafa farið í leigubíl heim, og farið út við [...], svo að mamma hennar fattaði ekki neitt, en brotaþoli kvaðst ekki hafa þorað að segja móður sinni frá þessu fyrir en eftir að móðir hennar hafði frétt þetta frá þriðja aðila.

Um líðan sína eftir atvikin kvaðst brotaþoli hafa gengið til sálfræðings og það gengi vel og svo hefði hún fengið hund.

Móðir brotaþola, B, kom fyrir dóminn. Hún upplýsti að E hefði haft samband við sig og greint frá samtali við ákærðu Y þar sem ákærða hefði sagt E frá því að ákærða og X hefðu farið í „threesome“ með brotaþola og að ákærða hefði sýnt sér myndir af því. Að fengnum þessum upplýsingum hefði hún snúið sér til barnaverndanefndar og í kjölfar þess hefði rannsókn málsins hafist.

Móðir brotaþola kvað líðan dóttur sinnar hafa breyst eftir atvikið. Hún hefði málað sig mikið, verið reið og lokað sig af. Hún hefði læst að sér og tekið reiðiköst. Þá hefði hún fengið martraðir. Þá hefði hún elt móður sína á stundum.

Vitnið kvað dóttur sína ekki eiga marga vini. Hún hafi verið mikið ein, ekki verið félagslega sterk. Hún sé nú farin í [...] og það hafi gert henni gott. Þó taldi móðir brotaþola að bakslag hefði komið í bata brotaþola eftir að málið fór fyrir dómstóla. Brotaþoli sé í vinnu og hafi í seinni tíð ekki treyst sér til að gera hluti sem hún hefur hingað til ráðið við. Hafi vinnuveitandi brotaþola af þessum sökum ítrekað haft samband við sig vegna þess og hún hefði sjálf farið í vinnuna til brotaþola og aðstoðað hana.

H kom fyrir dóminn og greindi frá því að hún þekkti brotaþola, sem hefði [...] [...] [...]. Þá kvaðst hún þekkja móður brotaþola. Enn fremur að hún þekkti ákærðu, sem væri [...] [...] [...], þær hefðu þekkt frá því að þær voru [...].

Aðspurð um samskipti sín við ákærðu fyrstu helgina í október 2016 kvaðst vitnið hafa hringt í ákærðu til að biðja hana að útvega sér sígarettur en ákærða hafi verið upptekin með [...]. Vitnið kvað þetta hafa verið afmælishelgi ákærðu sem hafi verið að halda upp á það og verið með einhverja í heimsókn. Hún sjálf hafi verið heima með [...] [...].

Vitnið kannaðist við að hafa verið í samskiptum við móður brotaþola á Facebook, sem hefði verið reið. Kannaðist vitnið við að hafa greint móður brotaþola frá samtali sínu við ákærðu í október 2016, þegar ákærða hefði sagt sér frá því að X heitinn hefði fengið sig til að fara í „threesome“, sem hún hefði ekki viljað, en verið svo mikið undir áhrifum að hún gerði það samt.

Er framburður vitnisins í ágætu samræmi við það sem fram kom í skýrslu hennar hjá lögreglu, en þar bar vitnið að hún hefði hringt í ákærðu á laugardagskvöldið 2. október og ákærða hefði þá sagst vera „mellupoppuð að horfa á klám með X“.

Vitnið I greindi frá því að hún og ákærða hefðu lengi verið vinkonur og kvaðst vitnið þekkja brotaþola gegnum ákærðu. Um atvik málsins kvaðst vitnið vita það eitt sem ákærða hefði sagt henni. Að brotaþoli hefði komið í [...] og X heitinn

hefði sofið hjá henni. Kvaðst vitnið ekki muna hvort ákærða hefði sagst hafa tekið þátt í því eða tekið myndir á meðan. Kvaðst hún ekki hafa verið mikið í sambandi við þau á þessum tíma, þau hefðu verið í mjög slæmu ástandi, í neyslu.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af vitninu í febrúar 2017, sagðist vitninu svo frá að ákærða hefði sagst sér að brotaþoli hefði komið í heimsókn til ákærðu og þau hefðu ætlað í „threesome“ en brotaþoli hefði ekki viljað það. X hefði þá haft kynmök við brotaþola.

*E* kom fyrir dóminn og kvaðst vita það eitt um mál þetta að ákærða og [...] X hefðu sofið hjá brotaþola. Þau hefðu bæði greint frá því. Vitnið kvaðst lítið muna eftir lögregluskýrslu sem tekin var af henni í tengslum við rannsókn málsins, hún væri búin að vera veik frá því að það var gert, hefði orðið fyrir áfalli. Aðspurt kvaðst vitnið muna eftir að hafa sagt móður brotaþola frá því. Það hefði hún gert vegna þess að brotaþoli hefði verið barn þegar þetta átti sér stað.

Í skýrslu lögreglu af vitninu kemur fram að vitnið kvaðst hafa séð myndskeið í síma ákærðu, þar sem ákærða og X voru í kynlífsathöfnum með brotaþola, þannig að ekki fór á milli mála hver hún var. Ákærða hefði sagst að hún væri að fara að eyða þessu úr símanum sínum.

Vitnið *G* kom fyrir dóminn og kvaðst muna eftir að hafa skutlað stelpu frá [...] til [...]. Hann hefði fengið 2000 krónur fyrir greiðann, en hefði átt að fá gras fyrir. Hann kvað stúlku hafa komið til dyra að [...], mjög léttklædda, eiginlega ekki í neinu.

Í skýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst vitnið hafa verið beðið um að skutla stelpu frá [...]inn á [...], til ákærðu *Y*.

*F* leigubílstjóri kom fyrir dóminn og kvaðst lítið muna eftir atvikum. Taldi vitnið að hann hefði munað þetta betur þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu vegna rannsóknar málsins. Staðfesti vitnið að hafa ekið stúlku frá [...] til [...] og hún hefði farið út við [...].

Í skýrslu lögreglu kemur fram að vitnið hafði þá kannast við að hafa ekið stúlku frá [...], sem hefði greinilega verið að flýta sér. Hún hefði beðið um að fá lánað fyrir bílnum og túrinn hefði svo verið greiddur mörgum dögum síðar. Þá hefði ákærða *Y* greitt honum fyrir aksturinn.

*M* kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið gestkomandi á heimili ákærðu þá helgi sem þau atvik urðu sem ákært er fyrir. Tilefni þess hafi verið afmæli ákærðu *Y*. Kvaðst vitnið hafa verið þar ásamt bróður sínum, *N* og kærustu hans, *L*. Hann hafi setið og horft á sjónvarp með bróður sínum þegar brotaþoli kom. Kvað hann ákærðu *Y* hafa sagst að von væri á heimsókn, stelpu sem ætlaði í „threesome“ með þeim. Brotaþoli hafi svo komið og farið inn í herbergið þar sem *X* var og þau þrjú hafi lokað á eftir sér. Kvaðst hann hafa heyrt stunur frá þessu herbergi. Aðspurt kvað vitnið mögulegt að eftir á hefði ákærða *Y* verið eitthvað fúl út í *X*.

*L* gaf símaskýrslu við aðalmeðferð málsins. Hún kvaðst hafa verið á heimili ákærðu fyrstu helgina í október 2016. Hún hafi verið á staðnum, með *M*, *N*, *X* og *Y*, þegar [...] stelpa hafi komið í heimsókn. Vitnið kvaðst sjálf hafa farið til dyra og opnað fyrir henni, en mundi ekki eftir því að ákærða hefði rætt við bílstjórann sem „skilaði stelpunni“. Stelpan hafi farið inn í herbergi til *X* og ákærðu *Y*. Ákærða hefði svo síðar sagst að það þyrfti að redda henni fari heim. Vitnið kvað þau *X*, ákærðu og stúlkuna hafa verið að gera „eitthvað saman öll þrjú“. Ákærða hefði svo komið fram grátandi vegna þess að hún fékk ekki athygli og vildi því redda stelpunni fari heim, þar sem stelpan hafi ekki átt heima [...] [...].

Vitnið *N* greindi frá því fyrir dómi að hafa verið á staðnum er brotaþoli kom til ákærðu og kvað hana hafa verið þar í um klukkustund. Hann hefði ekki rætt við

hana, aðeins heilsað og kvatt. Hún hefði verið með ákærðu og X inni í herbergi. Aðspurður kvaðst hann hafa heyrt eitthvað, mögulega stunur. Vitnið kannaðist ekki við að neitt rifrildi hefði orðið eftir á milli ákærðu og X heitins.

*O* lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslur sem frá honum stafa í málinu. Upplýsti hann að þrátt fyrir að ekki hafi verið unnt að rekja eða kalla fram eydd skilaboð milli brotþola og X heitins, hafi verið ummerki um nafn hans á Messenger-hluta Facebook hjá brotþola. Unnt hefði verið að sýna fram á samskipti en ekki hver þau samskipti voru. Þá lögju fyrir gögn sem sýndu samskipti ákærðu við F leigubílstjóra, rétt fyrir klukkan 11 að kvöldi, þann 2. október 2016.

*K* sálfræðingur kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sem hann vann að beiðni lögreglu í upphafi árs 2017 og greindi frá meðferð sinni á brotþola vegna þess atviks er málið varðar. Upplýsti vitnið að vegna þroskaskerðingar brotþola hafi orðið að einfalda alla meðferð hennar. Reynt hefði verið að leggja áfallastreituröskunarpróf fyrir brotþola en það hafi ekki gengið þar sem brotþoli hafi ekki skilið innihald margra spurninganna þrátt fyrir útskýringar, en sú vanlíðan og þau sálrænu viðbrögð sem brotþoli hafi greint frá samsvari líðan og viðbrögðum sem þekkt séu hjá fólki sem orðið hafi fyrir kynferðisbrotum. Vitnið kvað brotþola geta greint ágætlega frá, en frásögn hennar væri einföld og knöpp. Þau hefðu farið nokkrum sinnum gegnum atvikin og brotþoli hefði haldið sig fast við ákveðin atriði og þau verið samsvarandi frá einu skipti til annars.

Vitnið kvað brotþola hafa liðið ömurlega og hún verið uppfull af skömm yfir því að hafa lent í þessu. Hún hafi sagst hafa orðið mjög vör um sig. Farið að læsa að sér, átt erfitt með svefn. Passað að fara alltaf stystu leið á milli staða og þá hafi hún verið hrædd við að hitta meinta gerendur. Þá hafi minningar um þetta truflað brotþola fyrst á eftir heilmikið.

Vitnið taldi að þroskaskerðing brotþola ætti að vera fólki ljós. Það þyrfti ekki að tala lengi við hana til að átta sig á því.

Aðspurt taldi vitnið að brotþoli væri berskjaldaðari en aðrir vegna skerðingar sinnar og auðveldara að afvegaleiða brotþola vegna þess. Einstaklingur með slíka skerðingu ætti erfitt með að lesa milli lína, skildi ekki hvort væri verið að gera grín að sér eða hrósa, skildi ekki almennilega hvað væri að gerast. Taldi vitnið að brotþoli ætti erfitt með að standa á sínu ef hún væri í aðstæðum sem hún upplifði ógnandi eða væru ógnandi.

*D* sálfræðingur kom fyrir dóminn og staðfesti matsgerð sína í málinu. Í niðurstöðum þeirrar matsgerðar kemur fram að greindartala brotþola mældist [...] stig, sem væri vel undir efri mörkum vægrar þroskahömlunar. Þá bæri hún marktæk einkenni um kvíða og þunglyndi. Fyrir dómi áréttaði vitnið að þótt talað væri um væga þroskahömlun væri ekkert í raun vægt við það. Ekki væri aðeins um að ræða skerðingu á greindarlegri hæfni heldur einnig félagslegri, hvernig maður næði að bjarga sér í daglegu lífi. Brotþoli glímdi við víðtæka vitsmunalega erfileika á öllum sviðum. Máltengdir erfiðleikar væru umtalsverðir og líka í því sem kallað er verkleg greind. Brotþoli væri í þörf fyrir mjög mikla aðstoð og mikinn stuðning. Brotþoli hefði verulega skerta hæfni til að leggja mat á félagslegar aðstæður og setja mörk. Skilningur hennar á samskiptum væri takmarkaður. Taldi vitnið að hæfileiki brotþola til að meta félagslega þætti væri kannski eins og hjá [...] [...] [...], hún væri verulega á eftir því sem vænta mætti af jafnöldum hennar.

Vitnið taldi að þrátt fyrir að brotþoli bæri ekki sýnileg útlitseinkenni þroskahömlunar, þá væri útilokað annað en gera sér grein fyrir því ef maður kynntist henni. Fullorðinn maður sem hefði samskipti við brotþola ætti að komast fljótt að því að brotþoli væri þroskaskert.

Þá upplýsti vitnið að brotþoli hefði átt erfitt með að greina frá þessum atvikum, t.d. móður sinni. Það væri helst að hún gæti tjáð sig við K sálfræðing og hundinn sinn.

Vitnið taldi ekki ólíklegt að brotþoli hefði verið grunlaus um aðstæður. Hún hefði þekkt ákærðu Y og haft traust á henni. Taldið vitnið að miðað við mat sitt á brotþola hefði hún ekki haft forsendur til að átta sig á því hvað var að fara að gerast í umrætt sinn og hún hefði ekki forsendur eða getu til að koma sér út úr slíkum aðstæðum. Brotþoli væri leiðitöm og ætti erfiðara með að standast þrýsting en aðrir. Hún væri margfalt meira útsett fyrir kynferðisbrotum en manneskja með fulla greind.

## VI

Ákærða hefur viðurkennt að brotþoli hafi komið [...] [...] [...] og X heitins að kvöldi 2. október 2016. Hún kannaðist við að hafa greitt manni fyrir akstur brotþola frá [...] til [...] og leigubíl fyrir hana til baka. Ákærða hefur og viðurkennt að hafa verið í neyslu þá helgi. Þá hefur hún viðurkennt að hafa sjálf beðið brotþola um að eiga kynmök við X heitinn og sig en orðið afbrýðisöm þegar X vildi fremur hafa mök við brotþola en hana. Þessi framburður ákærðu fær einnig stoð í framburði vitna, [...] ákærðu, sem hafa borið um að ákærða hafi greint þeim frá þessu síðar. Sömu leiðis liggur fyrir í skýrslu af X heitnum viðurkenning hans á því að brotþoli hefði komið [...] [...] [...] og að hann hefði verið „að reyna við hana“. Þá kannaðist ákærða við það hjá lögreglu að hafa boðið brotþola heim til [...] „til að hafa gaman“.

Ákærða hefur borið því við að hún hafi ekki vitað að til staði að hafa kynmök við brotþola fyrr en hún var mætt á staðinn. Þá kveðst ákærða hafa beðið frammi í stofu til að byrja með vegna þess að hún vissi ekki hvað stóð til. Þessi framburður ákærðu stangast á við framburð vitna. M, sem kvaðst hafa verið á staðnum umrætt kvöld, bar fyrir dómi að ákærða og X hefðu sagt sér og öðrum gestkomandi að von væri á stelpu sem ætlaði í „threesome“ með þeim [...]. Brotþoli hefði svo komið og farið beint inn í herbergi með þeim og þaðan hefðu svo heyrst stúnur. Vitnið L kvaðst einnig hafa verið á staðnum umrætt sinn. Kvaðst hún sjálf hafa farið til dyra og opnað fyrir brotþola, sem hefði farið inn í herbergi til X og ákærðu til „gera eitthvað saman“. Ákærða hefði svo komið fram grátandi vegna þess að hún fékk ekki athygli og vildi senda brotþola heim.

Ákærða hefur og borið því við að brotþoli hafi ekki verið þvinguð til þeirra kynlífsathafna sem viðurkennt er að áttu sér stað þegar brotþoli kom á [...] [...]. Brotþoli hafi ekki verið beitt ofbeldi, gefið lyf eða fíkniefni og þá kveðst ákærða ekki hafa gert sér grein fyrir ungum aldri brotþola, haldið að hún væri 18 ára eða alveg að verða það, eða þeirri staðreynd að hún er þroskaheft.

Ákærða hefur greint frá því að brotþoli hafi [...] [...] [...] ítrekað sumarið 2015 eða 2014. Brotþoli er fædd í [...] [...] og hefur þá verið á [...] eða [...] ári þegar hún [...] [...] ákærðu. Að mati dómsins er það harla ótrúverðugt að ákærða hafi falið brotþola [...] [...] [...] án þess að hafa nokkra hugmynd um aldur hennar, auk þess sem hún hlýtur að hafa átt samskipti við brotþola í tengslum við það og þannig óhjákvæmilega mátt verða vör við að brotþoli er alls ekki þroskuð með þeim hætti sem vænta má af jafnöldrum hennar og enn síður þeim sem eldri eru. Þessa hefði ákærða einnig átt að verða vör sem samstarfskona brotþola á [...], enda hefur hún sjálf sagt að samstarfsmenn þeirra hafi talað um að brotþoli væri „eftirá“, en hún kosið að taka ekki mark á því tali. Brotþoli kom fyrir dóminn og að mati dómsins er augljóst af framburði hennar og framkomu að brotþoli er ekki

þar stödd í þroska sem vænta má af stúlku á hennar aldri. Í þessu samhengi ber og að líta til framburðar sálfræðinganna tveggja sem vitni báru í málinu, en þeir töldu báðir að þroskaskerðing brotaþola ætti að vera hverjum manni ljós sem hefði samskipti við hana. Er það mat dómsins að ákærða hafi ekki mátt komast hjá því með ítrekuðum samskiptum við brotaþola að brotaþoli væri svo þroskaheft sem gögn málsins bera með sér. Auk þess sem telja verður að ákærða og ákærði X heitinn hefðu mátt gera sér grein fyrir ungum aldri brotaþola af samskiptum þeirra við hana gegnum samskiptaforritið Facebook. En meðal ganga málsins er ljósmynd af brotaþola af Facebook-síðu hennar. Af þeirri mynd verður ekki dregin önnur ályktun um aldur brotaþola en að hún sé barn auk þess sem þar greinir glöggt fæðingardag hennar og ár.

Framburður ákærðu er samkvæmt framansögðu ekki í samræmi við framburð vitna, auk þess sem ósamræmis gætti í framburði hennar. Er það mat dómsins að framburður ákærðu sé lítt trúverðugur um þau atvik sem áttu sér stað og eru tilefni þessa máls.

Við mat á framburði brotaþola ber að líta til þess sérstaklega að brotaþoli er þroskaskert. Í skýrslum og framburði sálfræðinganna tveggja sem hafa hitt hana og metið kemur fram að þroskaskerðing brotaþola veldur því m.a. að hún á erfitt með að tjá sig, hefur ekki endilega skiling á tíma og frásögn hennar er knappari og einfaldari en hjá einstaklingi með fulla greind. Þá er málskilningur hennar lakur og því erfitt að spyrja hana og hætta er á að menn leggi henni orð í munn. Brotaþoli var óörugg og átti erfitt með að tjá sig fyrir dómi en framburður hennar var þó í ágætu samræmi við framburð hennar hjá lögreglu og frásagnir hennar af atvikum síðar, hjá barnaverndarnefnd og sálfræðingi hennar. Þannig hefur brotaþoli hvergi vikið frá því að henni hafi verið gefin pillar og gras um rætt kvöld.

Framburður brotaþola af atvikum fær enn fremur stöð í framburði K sálfræðings sem brotaþoli hefur endurtekið tjáð sig við um atvikið með nokkuð samsvarandi hætti. Þá kemur fram í skýrslu hans í málinu að þrátt fyrir að ekki hafi gengið að leggja áfallastreitupróf fyrir brotaþola sakir skerðingar hennar hafi brotaþoli greint frá vanlíðan og viðbrögðum sem þekkt séu hjá fólki sem orðið hafi fyrir kynferðisbrotum. Þá hefur móðir brotaþola borið um breytta hegðun brotaþola eftir atvikið, merki um vanlíðan og aukin vandamál í félagslíf og vinnu.

Að ofangreindu virtu er að mati dómsins ekki óvarlegt að leggja frásögn brotaþola af atvikum til grundvallar því sem átti sér stað kvöldið 2. október 2016.

Það er mat dómsins að ákærða hafi án vafa gengið að því með vissu hvað til stóð þegar brotaþoli kom á [...] [...]. Ákærða hafði sjálf frumkvæði að þeim kynmökum sem áttu sér stað milli X heitins og brotaþola og þrátt fyrir að hún segist hafa spurt brotaþola hvort hún vildi taka þátt í þeim athöfnum að einhverju leyti leysir það ákærðu ekki undan því að hafa með því veitt atbeina sinn að því sem þar átti sér stað. Hlutdeild ákærðu í hinum kærða verknaði fólst hvorutveggja í senn í athöfn og athafnaleysi, þar sem ákærðu hefði borið að koma í veg fyrir að haft væri samræði við brotaþola við þessar aðstæður fremur en hitt, þar sem ljóst má vera að ákærða þekkti brotaþola. Þá viðurkenndi ákærða að hafa sjálf viljað taka beinan þátt í kynlífsathöfnum með brotaþola og [...] [...] og hefði í raun bundið enda á þær vegna þess eins að henni fannst hún sjálf höfð út undan. Verður ekki litið öðruvísi á en svo að ákærða hafi haft ásetning til þess að misnota sér aðstöðu sína gagnvart brotaþola þetta kvöld; það að brotaþoli var ein og upp á ákærðu og [...] [...] komin, fólk sem var undir áhrifum áfengis og eða lyfja, töluvert eldra en brotaþoli, á [...] [...] og inni í lokuðu herbergi þar sem brotaþoli, barnung þroskaheft stúlka, átti sér enga undankomuleið.

Með vísan til framangreinds verður ákærða sakfelld fyrir það brot sem henni er gefið að sök í ákæru og er brot hennar þar rétt heimfært til refsíákvæða.

## VII.

Sakaferill ákærðu hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu. Við ákvörðun refsingar er litið til 2. mgr. 22. gr. sem og a-liðar 195. gr. laga nr. 19/1940. Að því gættu og með vísan til 1., 2., 5. og 6. tl. 70 gr. þykir refsing ákærðu réttilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Fallist er á kröfu brotþola um miskabætur að fjárhæð 1.000.000 króna sem skulu bera vexti eins og í dómsorði greinir.

Á grundvelli sakfellingar ákærðu, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður henni gert að greiða þóknun skipaðs verjanda síns, Þórðar Más Jónssonar lögmans, og síðar skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar, samkvæmt mati dómsins, og réttargæslumanns brotþola eins og hann er ákveðinn í dómsorði, en þá hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá ber ákærðu að greiða útlagðan ferðakostnað réttargæslumanns. Þá þykir enn fremur rétt, eins og málið liggur fyrir og með vísan til 236. gr. laga nr. 88/2008, að gera ákærðu að greiða helming sakarkostnaðar samkvæmt framlögðum yfirlitum héraðssaksóknara, 556.096 krónur. Þóknun Guðmundar St. Ragnarssonar lögmans, fyrir verjandastörf fyrir X, 379.440 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Dóm þennan kveður upp Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari.

### **Dómsorð:**

Ákærða, Y, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærða greiði brotþola, A, 1.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2008 frá 3. október 2016 til 8. apríl 2018 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði 3.264.231 krónu í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Más Jónssonar lögmans, 321.470 krónur, og málsvarnarlaun síðar skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmans, 1.159.400 krónur, auk útlagðs kostnaðar lögmansins 108.282 krónur og þóknun réttargæslumanns brotþola, Gunnhildar Pétursdóttur lögmans, 1.046.715 krónur, auk útlagðs kostnaðar, 72.268 krónur.

Bergþóra Ingólfssdóttir